

Reykjavík 19 febrúar 2019

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ab. *S.HH* Fskj.

20. FEB. 2019

MI. 11.0

FJR 19020050

Fjármála og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli, Lindargötu, 101 Reykjavík

Efni: Heildarlaun framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar ohf.

Laun framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar ohf. voru ákvarðaðar af Kjararáði þar til 1. Júlí 2017 og úrskurðaði Kjararáð síðast um laun framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar á árinu 2013 og tóku þau gildi frá ágúst 2012.

Gerður var nýr samningur við framkvæmdastjóra félagsins á árinu 2017 sem tók gildi 1. júlí þess árs eftir að ný lög um Kjararáð tóku gildi. Fyrir samningin voru heildarlaun framkvæmdastjóra 1.260 þ.kr. en urðu við gildistöku nýs samnings 1.550 þ.kr. Ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Þetta er ígildi 23% hækunar á þau laun sem greidd voru fyrir þann tíma.

Við gerð nýs samnings var tekið tillit til þess að framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar gegnir jafnframt framkvæmdastjórastöðu Öryggisfjarskipta ehf., sem er einnig að meiri hluta í eigu ríkisins og að minni hluta í eigu Neyðarlínunnar, en ekki eru greidd nein laun aukalega fyrir það hlutverk. Einnig var horft til þess að upphaflegur samningur byggði á samningi frá 2008 þar sem grunna laun og tenging við launavísitolu voru áskilin. Umsamin heildarlaun 2008 voru 920 þ.kr. og hafa því hækkað sem nemur 57% eftir að nýi samningurinn tók gildi 1. júlí 2017. Frá ársþyrjun 2008 til júlí 2017 hækkaði launavísitala um 91%, en vísitala neysluverðs um 57%. Ekki hefur verið gerður nýr starfskjarasamningur við framkvæmdastjóra síðan.

Samkvæmt beiðni frá fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur Neyðarlínan frá nóvember 2018 sent upplýsingar um launakjör framkvæmdastjórans mánaðarlega.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Neyðarlínunnar ohf.

  
Jón G. Vilhelmsson, stjórnarformaður